

# Aðalfundur 2010

M.S.-FÉLAG ÍSLANDS

## Fundargerð aðalfundar 2010:

Aðalfundur haldinn þann 18. september 2010 kl. 13.30 að Sléttuvegi 5, Reykjavík.

Fundinn sátu 28 félagsmenn.

Fundarstjóri: *Margrét Pála Ólafsdóttir*

Fundarritari: *María H. Þorsteinsdóttir*

## Fundarefni.

### 1. Skýrsla stjórnar

Berglind Guðmundsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar. Hún sagði frá helstu starfsemi á umliðnu ári, svo sem námskeiðum, útgáfu, heimsóknum út um land, störfum lyfjahópsins í tengslum við Tysabri o.fl. og alþjóðlegu samstarfi. Metnaður og einhugur hafa einkennt starfsárið og þakkaði Berglind stjórn, starfsmönnum og félagsmönnum einkar ánægjulegt samstarf á árinu.

### 2. Endurskoðaður ársreikningur

Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri, kynnti ársreikninga í fjarveru Bergþóru Bergsdóttur gjaldkera. Reikningar voru endurskoðaðir af KPMG.

Eigið fé félagsins var í lok ársins 2009: kr. 210.746.208 og handbært fé kr. 25.618.101. Berglind benti sérstaklega á hækkun kostnaðar vegna námskeiða og fræðslu, sem hún taldi ánægjulega og sagðist vona að sá liður héldi áfram að hækka. Á hinn bóginn taldi hún mjög neikvætt að ekki fékkst undanþága frá borginni á greiðslu fasteignagjalda eins og vonast hafði verið eftir. Reynt verður að fá leiðréttingu á því sem fyrst.

Umræða um skýrslu og ársreikning: Sigríður Jóhannesdóttir fór í ræðustól og lýsti yfir ánægju og stolti með starf félagsins. Hún taldi að fleiri hefðu mátt mæta á aðalfund sem er mikilvægur þáttur í starfinu. Hún þakkaði fyrri stjórn og núverandi fyrir þeirra þátt í að skapa félaginu góðan orðstír. Að lokum lét hún í ljósi vonbrigði með að styrkur hafi ekki fengist fyrir fasteignagjöldum, sem ætti að vera sanngjarnt vegna hins mikilvæga endurhæfingarstarfs sem færi fram á MS setrinu. Hún hvatti félagsmenn til dáða í baráttunni fyrir leiðréttingu á því.

Berglind Ólafsdóttir tók undir orð Sigríðar og sagði fasteignargjöldin (um 3,5 millj.) vera þungan bagga á félaginu.

Ársreikningur var síðan borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

### 3. **Árgjald**

Stjórnin lagði til að árgjald verði óbreytt þ.e. kr. 1500. Það var samþykkt samhljóða.

### 4. **Kosning stjórnar**

Í aðalstjórn var kjörtími Sigríðar Jóhannesdóttur og Bergþóru Bergsdóttur liðinn, en þær gáfu báðar kost á sér áfram og voru sjálfkjörnar. Aðalstjórn verður því óbreytt áfram.

Í aðalstjórn eru :

Berglind Guðmundsdóttir  
Sandra Þórisdóttir  
Daníel Kjartan Ármannsson  
Sigríður Jóhannesdóttir  
Bergþóra Bergsdóttir

Margrét Pála Ólafsdóttir kaus að hætta sem varamaður og í hennar stað gaf Njörður Helgason kost á sér og var sjálfkjörinn. Karl Steinar Guðnason situr áfram.

### 5. **Kosning skoðunarmanna reikninga**

Margrét Flovenz hjá KPMG og Valdimar Leó Friðriksson voru endurkjörin.

### 6. **Kosning þriggja fulltrúa í fulltrúaráð ÖBÍ**

Garðar Sverrisson var endurkjörinn sem aðalstjórnarmaður og Sigurbjörg Ármannsdóttir kjörin varamaður. Ingibjörg G. Tómasdóttir situr áfram sem fulltrúi á aðalfundi ÖBÍ.

### 7. **Kosning nefnda**

Í laganefnd voru endurkjörin:

Kolbrún Linda Ísleifsdóttir  
Helgi Seljan  
Sverrir Bergmann  
Berglind Ólafsdóttir til vara.

---

Í ritnefnd voru endurkjörin:

Jón Ragnarsson  
Berglind Guðmundsdóttir  
Sandra Þórisdóttir  
Halldór Halldórsson

Auk þeirra var Njörður Helgason kosinn í nefndina í stað Sigurbjargar Ármannsdóttur.

Í funda- og fræðslunefnd voru kosin:

Auður Ingólfssdóttir  
Berglind Guðmundsdóttir  
Estíva G. Ottósdóttir  
Harpa Karlsdóttir  
Inga Birgisdóttir  
Ingvar Sæbjörnsson  
Jóhannes Jónsson  
Kolbrún Linda Ísleifsdóttir  
Lonní Björg Hansen  
Magnús Óskarsson  
Ólafur Örn Karlsson  
Þórey Dögg Jónsdóttir

Engin atkvæðagreiðsla fór fram í kosningunum þar eð ekki komu fram mótframboð gegn þeim sem gáfu kost á sér.

## 8. Önnur mál

Berglind Ólafsdóttir sagði frá starfinu framundan. Bæklingur hefur verið sendur út með upplýsingum um námskeið og fundi.

Garðar Sverrisson lýsti yfir ánægju með skýrslu stjórnar og aðdáun yfir hve margt væri aðdáunarvert í starfi félagsins. Hann setti fram þá hugmynd að mynda hópa fyrir þá sem hefðu hlotið erfiða reynslu í samskiptum á spítölum og stofnunum. Tilgangurinn væri að fólk gæti komið saman og rætt um reynslu sína og sett fram hugmyndir um hvað betur mætti fara í heibrigðisþjónustunni. Garðar tók fram að þetta væri fyrir utan starfið sem nú þegar fer fram um lyfin.

Formaður þakkaði stjórn og starfsfólki fyrir gott samstarf, afhenti Margréti Pálu Ólafsdóttur og Maríu Þorsteinsdóttur blómvendi með þökk fyrir starf og stuðning við félagið og sleit síðan aðalfundinum.

Fundi var slitið kl. 13.50 - og við tóku kaffiveitingar.